

Stjórnarfundur 26. Maí 2021

Aukafundur haldinn á Microsoft Teams vegna dómsniðurstöðu

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Mörður Ingólfsson
- Þórir Ingvarsson

Á dagskrá fundarins, sem haldinn er aukalega við reglulega stjórnarfundum félagsins, er eingöngu að fjalla um dóm sem féll á hendur félagsins og ráðstafanir sem félagið þarf að gera til þess að öll brot á öryggis- og agareglum félagsins séu skrásett rétt og geymd til sannana.

Nýverið féll dómur á hendur félagsins vegna ólögmætrar brottvikningu félagsmanns eftir ítrekuð brot á öryggisreglum félagsins. Sjá má dómsorð hér:

Ákvörðun stjórnar stefnda, B, um brottvikningu stefnanda, A, úr félaginu, sem tekin var á aukafundi stjórnar stefnda hinn 19. desember 2018 og staðfest á aðalfundi stefnda hinn 27. febrúar 2020 er felld úr gildi. Stefndi greiði stefnanda 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. janúar 2019 til 30. nóvember 2020, og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað

Það má því gera ráð fyrir því að ferlum félagsins til brottvika sé ábótavant sem og vanti skýrari reglur um brottvikningar félagsmanna frá Íþrótt og Ólympíusambandi Íslands og Skotíþróttasambandi Íslands.

Stjórn félagsins mun senda fyrirspurn vegna málsins til ÍSÍ og STÍ og óska eftir því að skýrari mörk séu dregin fyrir brottvikningum úr skotíþróttafélögum, og hvort Skotsamband Íslands vilji einnig halda utan um brot á öryggis og agareglum skotíþróttafélaga.

Vað það einnig ákveðið að ráðfæra okkur við lögfræðing og sjá hvort við ættum að áfrýja niðurstöðu dóms eða hvort það séu allar líkur á því að það mál fari á sama veg, sem og leita til lögfræðings eftir aðstoð við að setja upp ferla fyrir aðvaranir og brottvikningar í framtíðinni þannig að ekkert sé hægt að setja út á þá.